

Bifreiðastjórafélaginu er þó heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

## 14. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar sem hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest þar upp sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðastjóra og eiganda.

## 15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slikum úrskuðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 100 29. júní 1957 um sama efni og reglugerðir um breytingar á henni nr. 13 25. janúar 1965, nr. 142 30. júlí 1971 og nr. 323 23. október 1974.

*Samgönguráðuneytið, 24. janúar 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

**G J A L D S K R Á**  
fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

## II. KAFLI.

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulíttra er kr. 19 710.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 650.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | — 1 459.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | — 2 916.00 |

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 360.00.

#### 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, þer gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

#### 7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	m <sup>3</sup>	Heimæðargjald
Allt að	400	208 236.00 kr.
400 að	2 000	208 236.00 kr. fyrir 400 m <sup>3</sup> + 167.00 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
2 000 að	6 000	475 436.00 kr. fyrir 2 000 m <sup>3</sup> + 142.00 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
6 000 að	10 000	1 043 436.00 kr. fyrir 6 000 m <sup>3</sup> + 125.00 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
Meira en	10 000	1 543 436.00 kr. fyrir 10 000 m <sup>3</sup> + 109.00 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 24 990.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjaddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka her að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 700.00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 365 27. október 1977.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. janúar 1978.*

F. h. r.

**Páll Flygning.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 375.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
  - b) Vatnsgjald, kr. 3 012 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.